

109. fundur
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 7. september 2021 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður og Magnús Einar Magnússon aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2020-2032 - 2020070011

Skipulagsfulltrúi kynnti vinnu við endurskoðun á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2020-2032 á 99. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar, þar sem nefndinni var falið að rýna þá kafla sem fjalla um framkvæmdir og umhverfismál. Ólöf Guðný Valdimarsdóttir er boðuð til fundar með umhverfis- og framkvæmdanefnd, vegna endurskoðunar Aðalskipulags Ísafjarðarbæjar.

Lagt fram til kynningar.

Gestir

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir - 00:00

2. Gjaldskrár 2022 - 2021050043

Kynntar eru gjaldskrár umhverfis- og eignasviðs fyrir árið 2022. Umhverfis- og framkvæmdanefnd skal taka afstöðu til gjaldskrár varðandi sormál, búfjárefirlit, fráveitu, dýrahald, tjaldsvæði, vatnsveitu og áhaldahús.

Gjaldskrár ræddar í fyrri umræðu. Umhverfis- og framkvæmdanefnd kallar eftir frekari gögnum vegna gjaldskrá sorphirðu fyrir seinni umræðu um gjaldskrár.

3. Framkvæmdaáætlun 2022 til 2032 - 2021040094

Framkvæmdaáætlun 2022-2023.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd kallar eftir hugmyndum frá hverfisráðum og málinu er frestað til næsta fundar.

4. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti - ýmis erindi 2020-2021 - 2020070001

Kynnt undirbúningsvinna umhverfis- og auðlindaráðuneytisins við innleiðingu Árósasamningsins. Tekið verður við almennum ábendingum og athugasemdum í samráðsgátt stjórnvalda til og með 23. ágúst 2021.

Lagt fram til kynningar.

5. Fundargerðir heilbrigðisnefndar og ýmis erindi 2021 - 2021030004

Lagðir fram tölvupóstar Antons Helgasonar, f.h. Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, dags. 27. ágúst 2021, vegna 134. fundargerðar heilbrigðisnefndar. Jafnframt er óskað nýjustu skýrslna vegna aðalskoðana leikvalla og hug sveitarfélagsins til þess að heilbrigðiseftirlitið taki að sér sérverkefni

Á 1165. fundi bæjarráðs var málefni er varðaði mögulegt sérverkefni vísað til umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Lagt fram til kynningar.

6. Númerslausir bílar í Ísafjarðarbæ - Málsmeðferð - 2021050028

Tölvupóstur kynntur frá Andra Andrasyni hjá Juris, dagsettur 22. júní 2021, í samræmi við bókun umhverfis- og framkvæmdanefndar frá fundi nr. 108 þar sem óskað var eftir álitum bæjarlögmanns vegna númerslausra bíla í sveitarfélaginu.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd kallar eftir fundi með Heilbrigðisnefnd Vestfjarða.

7. BSÍ á Íslandi - skoðun leiksvæða - 2021090013

Kynntar skýrslur BSÍ á Íslandi, vegna skoðana á leiksvæðum í sveitafélaginu.

Kynnt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:31

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Magnús Einar Magnússon

Axel Rodriguez Överby

Helga Þuríður Magnúsdóttir

